



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-00210/AIG-02**

Dags: **21. janúar 2010**

Staður: **Ísafjörður**

Lýsing: **Nauðlending vegna stjórnmissis**

Flugvél TF-JMO (Fokker 50) var í aðflugi að Ísafjarðaflugvelli (skömmu eftir Ögur). Þegar flugvélin var í um það bil 4.500 feta hæð yfir sjávarmáli fékk áhöfnin þær upplýsingar frá flugturninum á Ísafirði að á flugvellinum væri norðanátt og 20 hnúta vindur. Áhöfnin tilkynnti þá farþegum að ófært væri á Ísafjörð. Áhöfnin ákvað þá að hækka flugið í 6.000 fet, taka stefnu í norður (í átt að Bolungarvík) og sjá til hvort veðrið myndi breytast. Skömmu síðar fékk áhöfnin veðurupplýsingar frá flugturninum að vindur væri 80°/5 hnútar. Áhöfnin ákvað þá að snúa inn til Ísafjarðar og lenda á flugbraut 08. Þegar flugvélin var í 300-400 feta hæð yfir sjávarmáli varð áhöfnin vör við að flugvélin fór skyndilega inn í niðurstreymi og skömmu síðar í sterkt uppstreymi þar sem flugvélin fór að klifra töluvert. Flugvélin lét þannig ekki að stjórn til lendar og ákvað áhöfnin þá að fara í fráhrarfsflug. Í fráhrarfsfluginu klifraði flugvélin meirra en áhöfnin hafði ætlað sér sökum sterks uppstreymis og fór inn í annað niðurstreymi þar sem hún fékk á sig töluverð högg vegna sterkra sviptivinda. Áhöfnin ákvað þá að snúa til Reykjavíkurlugvallar og lenda þar.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.